

EFTIRLITSSKÝRSLA

Efnarás ehf. Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	2.11.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Efnarás ehf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Klettagörðum 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5303150290	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jóhann Karl Sigurðsson	ÍSAT nr.	38.32.0
Fulltrúi fyrirtækis	Daði Jóhannesson	Staðsetning	360615,942 408599,18

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávík frá kröfum í starfsleyfi voru skráð í eftirliti og ein athugasemd var gerð, en bæta þarf tilkynninga- og skýrslugjöf vegna mengunaróhappa og viðbragða við þeim.

Starfsemi var í gangi þrátt fyrir að starfsleyfið hafi runnið út 1. nóvember sl. Sökum plássleysis er hluti af pökkuðum og ópökkuðum spilliefnum geymt á lóðinni Klettagarðar 7.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi. Jóhann Karl Sigurðsson og Daði Jóhannesson fulltrúar Efnarásar ehf. og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun voru á fundinum. Samkvæmt útsendri dagskrá skyldi eftirlitið felast í eftirfarandi:

1. Fundur
 - a. Yfirferð yfir aðfinnslur og frávík síðustu ára
 - b. Skoðun á kröfum í starfsleyfi Efnarásar (rann út 1. nóvember 2017)
 - c. Önnur mál
2. Skoðun á fyrirtækinu

1a) Eldri frávík og aðfinnslur

Þrjú frávík komu fram í eftirliti ársins 2016.

i) Krafa um að ávallt sé laust 3 m³ rými í söfnunarþró við starfsemina, sbr. grein 2.6 í starfsleyfi. Þróin reyndist full þegar eftirlitið fór fram. Rekstraraðili lofaði að fylgst yrði betur með magni vatns í söfnunarþró og hún þjónustuð oftar. Sjálfvirkur nemi í þrónni á að kveikja aðvörunarljós í aðstöðu félagsins sem ræsir menn til aðgerða. Þessi búnaður í þrónni telst mengunarvarnarbúnaður og skv. grein 4.1 í starfsleyfi skal skrá eftirlit og prófanir á mengunarvarnarbúnaði.

Við eftirlit 2017 var söfnunarþróin enn full og skráist það enn frávík frá kröfum í starfsleyfi. Farið var yfir fráveitumál vegna spilliefnavinnslunnar og kröfur um söfnunarþró fyrir afrennsli af svæðinu sem er að hluta utandyra og því nokkur vatnsagi þar, bæði vegna þrifa og eins vegna úrkomu. 4000 lítra söfnunarþró tekur við afrennsli af svæðinu og getur stöðvað efnaleka ef mengunaróhapp verður í vinnslunni. Gerð er krafa um að lágmarki 3 m³ rými (3000 lítra) sé alltaf til staðar í söfnunarþrónni til þess að taka við mengunaróhöppum sem geta orðið. Í eftirlitinu var söfnunarþróin full, en starfsmenn höfðu ekki orðið varir við að sjálfvirk viðvörun um fyllingu þróarinnar hefði farið í gang. Yfirfara þarf búnað og prófa. Eins þarf að stilla hæðina á skynjaranum þannig að alltaf séu 3m³ lausir í þrónni.

ii) Samantekt á umhverfis- og rekstrarþáttum (ársyfirlit) sbr. grein 3.1 í starfsleyfi skal berast Umhverfisstofnun fyrir 1. mars ár hvert. Heimilt er að skila þessum upplýsingum með grænu bókhaldi. Bæta þarf samantektina þar sem hún nær ekki yfir alla þá þætti sem tilskildir eru s.s. koma upplýsingar um mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim ekki fram í grænu bókhaldi.

iii) Tíðni mengunarmælinga í frárennsli frá starfseminni. Sbr. kröfu í grein 3.2 í starfsleyfi skal auka tíðni mælinga á mengunarefnum í frárennsli ef styrkur efnanna nálgast losunarmörk. Þau mengunarefni sem mælast yfir 90% af losunarmörkum sem tilgreind eru í starfsleyfinu skal mæla ársfjórðungslega. Fundið hefur verið að því að styrkur olíu/fitu og blýs (Pb) í sýnum sem tekin eru í þrónni hafa reyndist yfir losunarmörkum í reglubundnum mælingum undanfarið. Úrbótaáætlun rekstraraðila var samþykkt og snýr hún að breyttum starfsháttum þar sem mengandi efni eru hreinsuð upp áður en þau berast í söfnunarþróna, verklagsreglur settar um tæmingu þróarinnar og þróin sjálf þrífir oftar. Gerðar eru kröfur um tíðari mælingar (ársfjórðungslegar mælingar) þar til sýnt hefur verið fram á að vandamálið sé úr sögunni og styrkur mengunarefna í söfnunarþrónni að staðaldri undir 90% af losunarmörkum. Nú hafa mótvægisáðgerðir rekstraraðila skilað þeim árangri að styrkur blýs mælist ítrekað undir starfsleyfismörkum og því er hægt að fara aftur í árlegar mælingar á blýi. Styrkur olíu er enn yfir losunarmörkum (15 mg/l) og hefur mælst 22 – 550 mg/l í mælingum síðasta árs. Þetta er yfir losunarmörkum og rekstraraðili skal halda áfram ársfjórðungslegum mælingum og vinna að úrbótum á háum styrk olíufelna í fráveitu. Frávík frá 2016 er því enn opið og rekstraraðili skal vinna að úrbótum.

1b) Farið var yfir kröfur í starfsleyfi Efnarásar sem gilti til 1. nóvember sl. og er því útrunnið.

Tvær áætlanir skulu liggja fyrir. Kröfur um viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar eru í grein 3.4 og neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs ef kemur til óvæntrar stöðvunar reksturs er í grein 3.5. Rætt var um þessar áætlanir og fram kom að uppfærðar áætlanir hafi verið lagðar inn vegna nýrrar umsóknar um starfsleyfi.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun gögn um magn og gerð úrgangs fyrir 1. maí ár hvert. Skýrsla barst of seint eða 16. júní sl. og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Grænt bókhald rekstraraðila fyrir árið 2016 skal berast stofnuninni fyrir 1. maí 2017. Grænt bókhald barst 7. júlí 2017 og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Hluti af ársyfirliti (samantekt á umhverfis- og rekstrarþáttum) sem tilskilið er að berist stofnuninni fyrir 1. mars ár hvert er að finna í græna bókhaldinu en þó er þar ekki að finna upplýsingar um mengunaráhöpp og viðbrögð við þeim. Bæta þarf skýrslugjöf rekstraraðila gagnvart kröfum í grein 3.1 einkum er varðar mengunaráhöpp og viðbrögð við þeim.

1c) Önnur mál

Rekstraraðili hefur umhverfisstjórnunarkerfi en samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila mun ekki verða sótt um vottun á kerfinu alveg á næstu árum. Enn vantar nokkuð upp á að ISO 14001 eða sambærilegt vottað kerfi verði að veruleika.

Fram kom að eitt mengunaráhöpp hefur orðið á árinu. Um 100 lítrar af mengandi vökva láku út á malbikið en allt var þrifið upp áður en það gat lekið í söfnunarþróna. Engar kvartanir hafa borist vegna móttöku, flokkunar eða þökkunar á vegum spilliefnamóttöku Efnarásar ehf.

Bent var á í eftirliti að samráðsfund skuli halda á árinu og hefur hann nú verið haldinn (21.11.2017). Fundargerð samráðsfundar hefur þó ekki borist.

2. Skoðun á raftækja- spilliefnamóttökunni.

Nú hófst skoðun eftirlitsaðila og var gengið um vinnuaðstöðuna með Jóhanni Karli Sigurðssyni. Mikið magn raftækja og spilliefna er á athafnasvæði rekstraraðila. Aðstaðan er þröng og hefur þrengt að síðan í eftirliti 2016 þar sem hluti af lóð Efnarásar hefur verið aflögð til geymslu á spilliefnum og raftækjum vegna nálægðar við skrifstofuhús Hringrásar/Efnarásar. Þetta er gert að kröfu Slökkviliðs höfuðborgarinnar (SHS).

Yfirborð vinnusvæðis er malbikað og hallar að 4 m³ söfnunarþró og skulu alltaf vera lausir 3 m³ til að taka á móti mengunaráhöppi sem yrði á svæðinu. Við skoðun voru niðurföll á vinnusvæðinu nánast lokuð vegna leðju úr jarðvegi, laufblöðum og því líku sem lokuðu nánast niðurföllunum. Þegar söfnunarþró var opnuð var hún full upp í lok á mannopi. Olía flaut á yfirborði þróarinnar.

Geymsla á raf- og spilliefnum fer nú fram á lóðinni Klettagarðar 7 sem er utan við heimildir í starfsleyfi. Starfsleyfið nær einungis til Klettagarða 9. Skráð er frávik við þetta.

Móttaka, flokkun og þökkun spilliefna hjá Efnarás ehf. er án starfleyfis frá 1. nóvember sl. Þrátt fyrir það voru starfsmenn að störfum daginn sem eftirlitið fór fram. Skráð er frávik við það.

Frávik frá

ákvæði í grein 2.6 um söfnunarþró

Lýsing á frávik

Ætíð skal laust rými í söfnunarþró vera a.m.k. 3 m³. Í eftirliti var þróin skoðuð og var þá alveg full.

ákvæði í grein 3.2 um eftirlitsmælingar

Á meðan styrkur mengunarefna í sýnum úr söfnunarþró er nálægt eða yfir losunarmörkum skal taka sýni ársfjórðungslega og mæla með tilliti til þeirra efna sem eru yfir 90 % af losunarmörkunum. Olía/fita er yfir losunarmörkum en ársfjórðungsleg sýni eru ekki tekin og mæld og mótvægisáðgerðir hafa ekki verið að skila tilskildum árangri.

1. mgr. 19. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Upplýsingum um magn og gerð úrgangs skal skila til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert.

Engin frekari eftirfylgni verður út af þessu þar sem upplýsingarnar skiluðu sér 16. júní sl.

ákvæði í grein 3.7 um grænt bókhald

Grænu bókhaldi á að skila fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald barst of seint en ekki verður frekari eftirfylgni vegna þessa þar sem grænt bókhald fyrirtækisins barst 7. júlí sl.

ákvæði í grein 1.1 í starfsleyfi

Hluti af starfsemi rekstraraðila er kominn yfir á lóðina nr. 7 við Klettagarða en starfsleyfið tiltekur að starfssemin skuli fara fram að Klettagörðum 9.

6. gr. laga nr. 7/1998 og 1. málsgrein 7. greinar í reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun

Starfsleyfi Efnarásar ehf. rann út 1. nóvember sl. Samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 skal allur atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, hafa gilt starfsleyfi.

Sótt hefur verið um nýtt starfsleyfi og undanþágu frá starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

ATHUGASEMDIR

Bæta þar tilkynninga- og skýrslugjöf vegna mengunaróhappa og viðbragða við þeim.

ANNAÐ

Fundargerð samráðsfundar hefur enn ekki borist til Umhverfisstofnunar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.01.2018



Gottskálk Friðgeirsson